

FRÉTTATILKYNNING:

Áhersla á að auka samanburðarhæfni á loftslagsáhrifum bygginga á Norðurlöndunum

Nýtt norrænt verkefni miðar að því að auka samhæfni og samanburðarhæfni aðferða við útreikning á viðmiðunarmörkum og loftslagsáhrifum bygginga á Norðurlöndunum. Verkefnið miðar einnig að því að auka gagnsæi norræna byggingariðnaðarins og veita innlegg í græn umskipti evrópska byggingariðnaðarins.

Byggingariðnaðurinn gegnir lykilhlutverki í metnaðarfullum, grænum umbreytingarmarkmiðum Norðurlandanna. Byggingaframkvæmdir losa mikið magn gróðurhúsalofttegunda og margvíslegum auðlindum er varið yfir líftíma hvernar byggingar. Þess vegna er nú til umræðu árangursrík leið til að draga úr loftslags- og umhverfisáhrifum byggingariðnaðarins á Norðurlöndunum og víða um Evrópu.

Þessi umræða skapar tækifæri til að miðla þekkingu og reynslu milli landa og huga að útreikningsaðferðum og löggjöf hvers annars m.t.t. loftslagsáhrifa bygginga. Þessi áhrif eru venjulega mæld með lífsferilsmati (e. life cycle assessment, LCA).

Norræna verkefnið, Nordic Sustainable Construction, rennur inn í þetta samstarf í nýju verkefni. Verkefnið miðar að því að auka samanburðarhæfni og samhæfni tæknilegra útreikninga á lífsferilsmati og viðmiðunarmörkum fyrir loftslagsáhrif bygginga á Norðurlöndunum.

Til þess mun verkefnið kortleggja mismunandi norrænar útreikningsaðferðir og löggjöf til að setja viðmiðunarmörk fyrir lífsferilsmat bygginga. Með því að greina mismun og líkindi verður hægt á grundvelli verkefnanna að stinga upp á mögulegum sviðum fyrir betri norrænan samanburð á viðmiðunarmörkum og lífsferilsmati. Markmiðið er að auðvelda norræna byggingariðnaðinum að bera saman viðmiðunarmörk og útreikninga á lífsferilsmati milli landa þrátt fyrir mismun.

Verkefnið var keypt af umhverfisráðuneyti Finnlands sem sér um norræna samræmingu á lífsferilsmati undir merkjum verkefnisins Nordic Sustainable Construction. Sumarið 2023 vann SWECO verkefnið með BUILD-AAU, LCA Support og EFLU sem undirverktaka.

Sambærileiki og gagnsæi á Norðurlöndunum

Að sögn verkefnastjóra hjá SWECO, Morten Ryberg, munu aðilar innan norræna byggingariðnaðarins hafa mikið gagn af betri samanburði á viðmiðunarmörkum fyrir koltvísýringslosun hvers norræns lands:

„Eins og er er nánast ómögulegt að bera saman losunarstig og framfarir milli landa. Með því að samræma aðferðina við að setja norræn viðmiðunarmörk fyrir losun náum við meiri samanburðarhæfni gagna á Norðurlöndunum og deilum bestu starfsvenjum og lausnum til að safna og skipuleggja gögn um byggingar. Samanlagt tryggir þetta meiri nákvæmni við mat á umhverfisáhrifum bygginga.“

Auk þess miðar verkefnið að því að auka gagnsæi og skýrleika innan iðnaðarins:

„Þar sem Norðurlöndin eru að sækjast eftir kolefnishlutleysi fyrr en flest lönd mun það ekki aðeins færa skýrleika og gagnsæi inn í byggingariðnaðinn okkar heldur einnig gagnast evrópsku samfélagi ef við getum komið fram með öflugra norræna aðferð,“ segir Maria Tiainen, sérfræðingur í finnska umhverfisráðuneytinu.

Stuðlað að grænum umskiptum í Evrópu

Þess vegna er mikilvægur hluti verkefnisins að leggja norræna reynslu af mörkum til evrópskra loftslagsframkvæmda varðandi mannvirkjagerð:

„Með þessu verkefni stefnum við að því að finna möguleika á að minnka koltvísýring frá norrænum byggingum, sem mun líklega vera frábrugðið í öðrum löndum Evrópu, og ekki síst að færa mikilvægt norrænt framlag og reynslu inn í evrópska samræmingu,“ útskýrir Harpa Birgisdóttir, prófessor frá BUILD-AAU.

Verkefnisteymið mun fara yfir evrópskar stefnur og frumkvæði sem leiðarvísi ESB um kolefnislosun yfir endingartíma byggingar, tilskipun ESB um orkunýtingu bygginga og flokkunarkerfi ESB. Þessi endurskoðun tryggir að verkefnið endurspegli bæði evrópskt og norrænt samhengi.

Fyrir frekari upplýsingar má fara á heimasíðu okkar: www.nordicsustainableconstruction.com eða hafa samband við: nordicsustainableconstruction@sbst.dk

Til að auka samanburðarhæfni á loftslagsáhrif bygginga mun verkefnið einnig:

- Reikna núverandi loftslagsáhrif bygginga á Norðurlöndunum með því að nota sambærilega aðferð við lífsferilsmat
- Benda á bestu möguleikana við að minnka koltvísýringslosun innan norræna byggingariðnaðarins
- Þróa aðferð til að mæla og fylgjast með hægfare minnkun gróðurhúsalofttegunda frá norrænum byggingum
- Greina hvaða tæknileg, umhverfisleg, félagsleg og hagræn, efnahagsleg og menningarleg áhrif mismunandi sviðsmynda fyrir viðmiðunarmörk munu hafa fyrir Norðurlöndin og byggingariðnaðinn
- Skila skýrslu í kjölfar minni koltvísýringslosunar frá norrænum byggingum

Um verkefnið:

Verkefnið Nordic Sustainable Construction, sem er með aðsetur í dönsku félagsmála- og húsnæðisstofnuninni, er styrkt af Nordic Innovation og stendur frá 2021 til 2024. Verkefnið vinnur að því að styðja við umskipti norræns byggingariðnaðar í átt að sjálfbærari og samkeppnishæfari byggingum, sem er hluti af Framtíðarsýn okkar 2030.

Verkefnið er innan vettvangs norrænnar samræmingar á lífsferilsmati, hringlaga viðskiptalíkana og innkaupa, sjálfbærra byggingarefna og arkitektúrs, byggingarsvæða án losunar, aukinnar endurnotkunar byggingarefna og þekkingarmiðlunar.

Þetta verkefni tilheyrir sviði norrænnar samhæfingar á lífsferilsmati, þar sem með norrænu samstarfi er leitast við að:

- skilgreina áherslur norrænnar löggjafar um mannvirkjagerð
- ákvarða hvaða reglugerð er gagnleg til samræmingar á öllum Norðurlöndunum
- meta hvaða gögn eru nauðsynleg og bæta gagnagrunn fyrir norrænt lífsferilsmat
- Búa til verkfæri og leiðbeiningar sem auðvelda skráningarkröfur um lífsferilsmat

Lestu meira um vinnu við norræna samhæfingu lífsferilsmats hér:

<https://nordicsustainableconstruction.com/work-packages/nordic-harmonisation-of-life-cycle-assessment>